

Fundarsköp flokksstjórnar

- 1.0 Upphaf flokksstjórnarfundar
- 2.0 Stjórn flokksstjórnarfundar
- 3.0 Nefndir
- 4.0 Umræður
- 5.0 Tillögur og atkvæðagreiðsla
- 6.0 Afgreiðsla og breyting fundarskapa

1.0 Upphaf flokksstjórnarfundar

- 1.1 Formaður Samfylkingarinnar og varaformaður í forföllum hans setur flokksstjórnarfund.
- 1.2 Formaður framkvæmdastjórnar stjórnar fundi og varaformaður framkvæmdastjórnar í forföllum hans. Heimilt er að tilnefna annan fundarstjóra ef þörf þykir.
- 1.3 Ritari flokksins ritar fundargerð flokksstjórnarfundar og ritari framkvæmdastjórnar í forföllum hans.
- 1.4 Mál sem ekki er tilgreint í útsendri dagskrá verður ekki tekið til afgreiðslu á viðkomandi fundi án samþykkis 2/3 hluta atkvæðisbærra flokksstjórnarfulltrúa.
- 1.5 Fundir flokksstjórnar eru opnar öllu félagsfólki Samfylkingarinnar sem njóta skal málfrelsis, tillöguréttar og kjörgengis en ekki atkvæðisréttar sbr. þó grein 1.6. Framkvæmdastjórn getur kallað til flokksstjórnarfundar, ef hún telur ástæðu til, þar sem einungis til þess bærir fulltrúar hafa seturétt. Skrá um atkvæðisbæra flokksstjórnarfulltrúa skal liggja frammi hjá fundarstjóra.
- 1.6 Flokksstjórn er heimilt að funda fyrir luktum dyrum, samþykki meirihluti atkvæðisbærra og viðstaddra flokksstjórnarfulltrúa þá ráðstöfun í atkvæðagreiðslu.
- 1.7 Heimilt er að hljóðrita allt talað orð á flokksstjórnarfundum. Heimilt er að birta upptökur af ræðum á heimasíðu flokksins. Að öðru leyti skulu upptökurnar varðveittar á skrifstofu flokksins.
- 1.8 Framkvæmdastjórn undirbýr flokksstjórnarfundum.

2.0 Stjórn flokksstjórnarfundar

- 2.1 Fundarstjóri stjórnar fundi og sér um að allt fari fram með góðri reglu, tekur við öllum erindum til flokksstjórnarfundarins og skýrir frá þeim og dreifir eftir því sem við á.
- 2.2 Vilji fundarstjóri taka þátt í umræðum frekar en fundarstjórastaða krefur þá vikur hann fundarstjórásæti og stýrir varaformaður framkvæmdastjórnar, eða annar sá sem valinn hefur verið sem fundarstjóri, fundi á meðan.

- 2.3** Hlutverk ritara er að halda gerðabók undir umsjón fundarstjóra og skal í henni getið allra mála, er rædd eru á fundum og úrslita þeirra. Sömmuleiðis sér hann með fundarstjóra um að ályktanir séu skrásettar og áritar fundarstjórinn eitt eintak hverrar ályktunar sem frumheimild.
- 2.4** Fundarstjóri skipar fólk til að annast dreifingu atkvæðaseðla. Fundarstjóri skipar teljara úr hópi flokksstjórnarfundarfulltrúa og/eða starfsmanna svo sem þykir þurfa á hverjum tíma.

3.0 Nefndir

- 3.1** Á fyrsta fundi flokksstjórnar eftir landsfund leggur framkvæmdastjórn fram tillögu um forystu og fyrirkomulag málefnanefnda.
- 3.2** Flokksstjórnarfundurinn getur stofnað nefndir, aðrar en málefnanefndir, á hvaða stigi máls sem er, gefist tilefni til. Sé það gert áður en umræðum er lokið, skal umræðum frestað.
- 3.3** Nefndir skili skriflegu álitinu sínu til flokksstjórnarfundarins og skal því dreift til flokksstjórnarfundarfulltrúa.

Sé ekki eining um niðurstöðu nefndar geta þau sem að séráliti standa skipað sér frummælenda sem hefur sama rétt og frummælendi meirihluta við umræður á fundum, enda sé séráliti skilað skriflega og það stutt skriflega af ekki færri en 5 fundarmönnum.

4.0. Umræður

- 4.1** Hver fundarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar fundarstjóra samkvæmt þeim reglum sem fundarstjóri ákveður. Ef tveir eða fleiri kveða sér hljóðs samtímis ákveður fundarstjóri í hvaða röð þeir tala.
- 4.2** Að jafnaði skal mæla úr ræðustól og jafnan víkja ræðu sinni til fundarstjóra og fundarins.
- 4.3** Formaður má taka til máls eins oft í umræðum og hann óskar. Frummælendur meiri- eða minnihluta nefndar mega taka til máls tvisvar sinnum um málefni það er þeir flytja, að hámarki 5 mínútur í senn.

Aðrir fundarmenn mega ekki tala oftari en tvisvar við sömu umræðu um sama mál og í 5 mínútur í senn.

Þó er jafnan heimilt að gera stutta athugasemd um atkvæðagreiðslu, fundarstjórn eða fundarsköp.

Tillöguflytjanda er heimilt að taka til máls í lok umræðu um viðkomandi tillögu, þó ekki lengur en í 3 mínútur. Regla þessi gildir um einn einstakling úr hópi tillöguflytjenda séu tillöguflytjendur fleiri en einn.

- 4.4** Ef fundarstjóri telur umræðu dragast úr hófi fram getur hann lagt til að ræðutími frummælenda meiri- og/eða minnihluta nefndar verði eigi lengri en 3 mínútur.

Þá getur fundarstjóri hvenær sem er lagt til að umræðum skuli lokið á ákveðnum tíma.

Flokksstjórnarfundurinn afgreiðir tillögur fundarstjóra í þessu efni umræðulaust.

Fundarmenn geta borið fram slíka tillögu enda sé hún skriflega studd með undirritun ekki færri en 5 fundarmanna. Skal tillagan afgreidd umræðulaust.

- 4.5** Skyld er fundarmönnum að lúta valdi fundarstjóra í hvívetna er að því lýtur að gætt sé góðrar reglu. Láti fundarmenn sem vikið hafa frá góðri reglu eigi segjast skal fundarstjóri víta þá og nefna til ástæður. Ef fundarmaður er víttur tvisvar á sama fundi getur fundarstjóri lagt til við fundinn að hann verði sviptur málfrelsi það sem eftir lifir fundar. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust.

5.0 Tillögur og atkvæðagreiðsla

- 5.1** Engar tillögur sem aðrir en stjórn og/eða framkvæmdastjórn Samfylkingarinnar flytja um mál á reglulegum flokksstjórnarfundi, skv. grein 7.09 í lögum flokksins, skv. boðaðri dagskrá er hægt að bera upp til atkvæða sem ályktun fundarins nema þær hafi borist framkvæmdastjórn a.m.k. tveimur vikum fyrir boðaðan fund og að þeim hafi verið dreift skriflega til fundarmanna. Þegar flokksstjórnarfundur er boðaður með sjö daga fyrirvara skal fresturinn vera a.m.k. þrjú sólarhringar fyrir boðaðan fund. Sé fundur boðaður með 24 klst. fyrirvara skal fresturinn vera a.m.k. sex klst. fyrir boðaðan fund.

- 5.2** Í öllum málum samkvæmt kafla þessum ræður einfaldur meirihluti atkvæða flokksstjórnarfundarfulltrúa nema lög Samfylkingarinnar eða fundarsköp þessi mæli fyrir á annan veg.

- 5.3** Undir liðnum önnur mál er heimilt að taka upp hvert það mál sem fundarmenn óska eftir umræðu um, önnur en þau sem þegar hafa hlotið afgreiðslu fundarins. Ekki er þeim þó undir þessum lið heimilt að bera fram tillögur til ályktunar um annað en að fela stjórn/framkvæmdastjórn og/eða formanni Samfylkingarinnar að vinna að tilteknum verkefnum eða málefnum milli flokksstjórnarfunda.

- 5.4** Allar tillögur sem bornar eru fram af öðrum en stjórn eða framkvæmdastjórn skulu vera skriflegar, undirritaðar af tillöguflytjendum og skriflega studdar af ekki færri en 5 fundarmönnum að tillöguflytjendum meðtöldum.

Ekki er heimilt að taka tillögu til umræðu fyrr en fundarstjóri hefur lýst henni.

- 5.5** Fari svo að tillaga sé í heild sinni dregin til baka, getur hver sem er úr hópi fundarmanna gert slíka tillögu að sinni í heyranda hljóði á sama fundi og undirritað hana síðan til staðfestingar, enda sé aflað stuðnings úr hópi fundarmanna við hana að nýju sbr. grein 5.3.

- 5.6** Efnislegar tillögur eru þessar:

- 1) Aðaltillaga.
- 2) Breytingartillaga.
- 3) Viðaukatillaga.

- 5.7** Við atkvæðagreiðslu skal fyrst bera upp breytingartillögu við aðaltillögu. Síðan skal bera upp aðaltillögu með áorðnum breytingum hafi breytingartillögur verið samþykktar.

Að öðrum kosti er aðaltillaga borin upp í upphaflegri mynd.

Þá skal bera upp viðaukatillögur.

- 5.8** Þær breytingartillögur sem lengra ganga skal bera upp á undan þeim sem ganga skemur.

Breytingartillögu sem kollvarpar eða breytir aðaltilgangi annarrar tillögu eða sem varðar önnur efnisatriði en tillaga hefur verið gerð um breytingu á, má fundarstjóri ekki taka til greina en því álitinu sínu skal fundarstjóri lýsa fyrir fundi.

Til að breytingartillaga nái fram að ganga þarf hún að hljóta sama fjölda atkvæða eins og aðaltillagan þarf til þess að teljast samþykkt.

5.9 Forgangstillögur eru í þessari röð:

- 1) Tillaga um að ganga þegar til atkvæða, sbr. þó grein 4.5.
- 2) Tillaga um að vísa máli frá.
- 3) Tillaga um að taka fyrir næsta mál á dagskrá.
- 4) Tillaga um að fresta máli.
- 5) Tillaga um að fundað skuli fyrir luktum dyrum.
- 6) Tillaga um að vísa máli til annars valds.

Tillögur undir 1. tl. má ekki ræða.

Um aðra forgangstillögur skv. 2. - 6. tl. má gera stuttar athugasemdir.

5.10 Fundarstjóra er heimilt að bera tillögu upp í tveimur eða fleiri liðum en þó því aðeins að hver liður sé sjálfstæður og að skiptingin geri tillöguna ekki óljósa.

5.11 Tillögu, sem hefur verið felld, má ekki bera upp á sama fundi.

5.12 Atkvæðagreiðsla um tillögur fer fram með handauppréttingu.

Leynileg atkvæðagreiðsla fer fram ef þess er óskað skriflega og tillagan skriflega studd af minnst 5 fundarmönnum.

Atkvæðagreiðslur við nafnakall leyfast ekki.

5.13 Komi fram breytingartillaga um ráðherraval á flokksstjórnarfundi skal gengið til leynilegrar atkvæðagreiðslu.

5.14 Atkvæðagreiðslan telst lögmæt með þeim flokksstjórnarfundarfulltrúum sem mættir eru til fundar.

5.15 Fundarstjóri skipar teljara til talningar atkvæða úr hópi fundarmanna og/eða starfsmanna, svo marga sem henta þykir.

Jafnan skulu teljarar úr hópi fundarmanna, allt eftir því sem við á, vera skipaðir úr hópum andstæðra fylkinga á fundum.

6.0. Afgreiðsla og breyting fundarskapa

6.1 Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða atkvæðisbærra flokksstjórnarfulltrúa ræður um afgreiðslu fundarskapa.

6.2 Komi fram tillögur um fundarstjórn eða meðferð mála sem þessi fundarsköp ná ekki til, þá ræður einfaldur meirihluti enda sé fundur löglegur.

Samþykkt af flokksstjórn Samfylkingarinnar 22. nóvember 2008 og með breytingum 10. mars 2012.